

Alþingi
Erindi nr. P 136/1448
komudagur 24. 3. 2009



talsmaður neytenda

Alþingi - nefndasvið
B.t. ritara viðskiptanefndar
Alþingi
150 Reykjavík

Embætti talsmanns neytenda
Forbrugertalsmanden
The Consumer Spokesman

tn@tn.is www.tn.is

Höfðaborg
Borgartúni 21, 2. hæð
IS-105 Reykjavík
Sími 510 1100, fax 510 1101

Reykjavík, 24.03.2009
Tilv. 2005/0037 - 2.0
GT

Efni: Umsögn talsmanns neytenda um 345. mál, frv. til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki með síðari breytingum og lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingasjóði, upplýsingagjöf (136. löggj.þ.)

Heildarmat og tillaga

Að óbreyttu tel ég frumvarp (frv.) þetta í heildina geta orðið til hagsbóta fyrir neytendur eins og rakið skal í umsögn hér að neðan.

Legg ég vinsamlegast til að frv. verði samþykkt af Alþingi.

Tilfni

Vísað er til tölvuskeytis yðar, dags. 18. mars sl., um ofangreint þingmál.

Almennt um frumvarpið

Í frumvarpinu er lagt til að lögbundin þagnarskylda eða svonefnd bankaleynd víki fyrir rétti neytenda og annarra hagsmunaaðila, þ.e. handhafa hlutdeildarskírteina, til upplýsinga um fjármálagerninga verðbréfa- og fjárfestingasjóða

- þegar tiltekinn tími (þrjú mánuðir) er liðinn frá viðskiptadegi,
- ef ákvörðun hefur verið tekin um slit verðbréfa- eða fjárfestingasjóðs og loks

talsmaður neytenda

- stendur vörð um hagsmuni og réttindi neytenda
- stuðlar að aukinni neytendavernd
- gefur út rökstuddar álitserðir
- gerir tillögur um úrbætur
- kynnir reglur um neytendamál
- leiðbeinir um meðferð ágreiningsmála
- bregst við brotum gegn réttindum og hagsmunum neytenda
- er óháður fyrirætlum frá öðrum

- í þeim tilvikum að viðskipti með hlutdeildarskírteini hafi verið stöðvuð í tvær vikur.


Í ákvæðum til bráðabirgða er áréttað að ákvæði um slit slíkra sjóða eigi við um verðbréfa- og fjárfestingasjóði sem slitið var sl. haust, þ.e. eftir 1. janúar 2008, og er ákvæðið því afturvirk.

Frumvarpið tekur að mínu mati á brýnum vanda sem skapaðist í kjölfar bankahrunsins og raungerðist við þá lagatúlkun að lögbundin þagnarskylda eða svonefnd bankaleynd gengi frammar hagsmunum neytenda. Án þess að ég hafi hafi tekið afstöðu til þeirrar lagatúlkunar stjórnvalda er ljóst að hagsmunir neytenda af upplýsingum um aðdraganda taps sl. haust í kjölfar slita peningamarkaðssjóða voru fyrir borð bornir. Hugsanlegt er að neytendur hafi orðið fyrir réttindamissi af þessum sökum. Eins og kunnugt er af fréttum og upplýsingum sem birtar hafa verið á vefsíðu talsmanns neytenda - www.talsmadur.is - og rætt var í nóvember sl. á fundi hjá viðskiptanefnd Alþingis hefur embættið látið sig tjón neytenda í peningamarkaðssjóðum sérstaklega varða m.t.t. hagsmuna þeirra og réttinda. Veiti ég fúslega frekari upplýsingar um lyktir þeirra mála sem flestum hefur verið komið í farveg.

Ég tel frumvarpið í samræmi við sjónarmið sem liggja að baki reglum X og XII kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og þykja mér góð rök standa til þess að ekki þurfi dómsmál eða atbeina dómstóls til þess að afla sönnunargagna í því skyni að neytendur geti gætt réttar síns þegar þau skilyrði eru fyrir hendi sem lýst er í frumvarpinu.

Með vísan til framangreinds og með tilvísun í röksemdir sem er að finna í greinargerð með frumvarpinu vil ég taka undir tillögurnar og geri enga athugasemd við framsetningu ákvæða frumvarpsins.

Virðingarfyllt,
talsmaður neytenda,



Gísli Tryggvason.